



Úthlutun úr Menningarsjóði Hlaðvarpans

Menningarsjóður Hlaðvarpans úthlutaði rúmlega 10 milljónum króna til menningarmála kvenna að þessu sinni. Úthlutunin fór fram í lönó þann 14. janúar 2011. Í þessari fjórðu úthlutun úr sjóðnum voru veittir 19 styrkir en alls bárust yfir sjötíu umsóknir. Við úthlutun var þess gætt að styrkirnir nýttust sem flestum konum og haft var í huga að sem flest svið menningar njóti stuðnings.

Árið 1985 ákvað hópur kvenna að festa kaup á húsunum við Vesturgötu 3 í Reykjavík. Þau voru þá í nokkurri niðurníðslu og hætta á að þessi glæsilegu hús yrðu rifin. Ákveðið var að stofna hlutafélag kvenna sem keypti húsin og gekk undir nafninu Hlaðvarpinn. Smátt og smátt voru húsin gerð upp og þar blómstraði ýmis konar menningarstarfsemi um árabil. Þar var rekið leikhús, bæði í kjallara og sal, haldinn fjöldi tónleika og funda. Herbergi voru leigð út til félaga og fræðikvenna og þannig mætti áfram telja. Viðgerðir og rekstur voru félaginu þung í skauti og skuldir söfnuðust upp. Þar kom að ákveðið var að hætta rekstrinum og selja húsin. Í samþykktum Hlaðvarpans var kveðið á um að yrði félagið lagt niður skyldi andvirði húsanna varið til að styrkja menningarstarfsemi kvenna. Því var Menningarsjóður Hlaðvarpans stofnaður.

Úthlutunarnefnd menningarsjóðs Hlaðvarpans skipa: Drífa Snædal, Ragnhildur Richter, Guðrún Erla Geirsdóttir, Hildur Fjóra Antonsdóttir, Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og Hrefna Haraldsdóttir.

Hæsta styrkinn í ár hlaut Kvennakórinn Vox feminae, eina milljón krónur. Vox feminae hlýtur styrkinn til að fela Báru Grímsdóttur tónskáldi að semja hátíðamessu fyrir kvennakór og til að flytja messuna, hljóðrita hana og gefa út á geisladisk.

Aðrar konur og verkefni sem styrki hlutu eru:

- Alma Joensen og Lovísa Arnardóttir fengu styrk til að setja á laggirnar vefsíðu með fréttum úr heimi femínisma og kynjafræða.
- Anna Þorvaldsdóttir tónskáld hlaut styrk til að gefa út geisladisk með tónverkum sínum.

- Annað svið fékk styrk til verkefnisins *Guðný, Agnes, Rósa - þó látin sé ástin.*
- Bókasafn Dalvíkurbyggðar fékk styrk til að halda málþing og sýningu um Hugrónu, öðru nafni Filippíu Kristjánsdóttur.
- Bryndís Björgvinsdóttir hlaut styrk til verkefnisins *Íslenskt samfélag í spegli hversdagsins.*
- Elísabet Brynhildardóttir, Lára Kristín Kristinsdóttir, Selma Hreggviðsdóttir, Perla Dagbjartar Hreggviðsdóttir, Ásta Briem, Lilja Birgisdóttir, Ragnildur Jóhanns og Þórgunnur Oddsdóttir hlutu styrk til að gefa út tímarit um samtímalist íslenskra kvenna.
- Eva Björk Kaaber, Eva Rún Snorradóttir, Arnþrúður Ingólfisdóttir, Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Íris Ellenberger og Björg Sveinbjörnsdóttir fengu styrk til verkefnisins *Skyndilega greip mig óstjórnleg löngun.*
- Hrund Gunnsteinsdóttir, Soffía Guðrún K. Jóhannsdóttir og Hildigunnur Sverrisdóttir fengu styrk til verkefnisins *Hverra mamma ert þú?*
- Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir hlaut styrk til að vinna að verkefninu *Sérherbergi.*
- Jórukórinn á Selfossi hlaut styrk til að halda Landsmót íslenskra kvennakóra 2011.
- Kristín Bergþóra Pálsdóttir hlaut styrk til að vinna að heimildamyndinni *Brautryðjandinn* sem fjallar um Auði Auðuns.
- Kung Fu Films ehf., Helga Rakel Rafnsdóttir og Yrsa Roca Fannberg hlutu styrk til heimildamyndarinnar *Mamma Salóme.*
- Kvennanefnd Verkfræðingafélags Íslands hlaut styrk til að vinna að verkefninu *Þær brutu blað: Um konur í verkfræði.*
- Laufey Sigurðardóttir og Elísabet Waage hlutu styrk til að vinna að verkefninu *4 plús 47*

- Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir fékk styrk til verkefnisins *Hún samdi ljóð, ég samdi lag.*
- Nýlistasafnið hlaut styrk til að vinna að verkefninu *Listamannarekin sýningarrými á Íslandi – kvennarými.*
- Stella, bókaútgáfa hlaut styrk til að vinna að verkefninu *Þrjár sögur af vinskapa Marilynar Monroe og Gretu Garbo.*
- STERK - gegn mansali hlaut styrk til að vinna að verkefninu *Ég hugsaði um það þegar ég var yngri en lét aldrei verða af því.*

Verkefni sem styrk hlutu eru til marks um frjótt og fjölbreytt menningarstarf kvenna á Íslandi og þau sýna jafnframt óbilandi frumkvæði og atorku kvenna.